



Hvað eru efnasamband & efnablöndur?

1. Lestu bls. 9 og bls. 25 (Efnasambönd).

Nefndu dæmi um **þrjú** efnasambönd, skráðu bæði heiti efnasambandsins og formúluna (táknin). Skrifaðu líka hvaða frumefni eru í efnasambandinu. T.d. NH_3 = Ammoníak. N = nitur og H = vetni.

.....

2. Lestu bls. 10-11 og bls. 26 (Efnablanda).

- a) Nefndu dæmi um 5 efnablöndur (hér er nóg að skrifa bara nafnið).
- b) Af hverju er kranavatn efnablanda en vatn H_2O er efnasamband? Útskýrðu í heilum setningum.
- c) Margir halda að loftið sem við öndum að okkur sé einungis súrefni, en svo er ekki. Hvaða efni eru í andrúmsloftinu? Skoðaðu töflu 1.1 á bls. 9 í bókinni Efnisheimurinn

Afurð: Vel uppsett docs skjal


VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég átta mig á muninum á efnasambandi og efnablöndu.
- ☐ Ég get komið með dæmi um efnasambönd og skráð formúlu þeirra.
- ☐ Ég get komið með dæmi um efnablöndur.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.



KJARNI
Einstaklings-
verkefni

Amboð:
Efnisheimurinn
og vefurinn